

29. mars 2021 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Uppfærður viðauki við úrgangsforvarnir birtur

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur birt uppfærslu á [viðauka](#) við stefnuna [Saman gegn sóun – almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016–2027](#).

Í stefnunni er fjallað um níu áhersluflokka; matvæli, plast, textíl, raftæki, grænar byggingar, pappír, aukaafurðir frá vinnslu kjöts og fisks, drykkjarvöruumbúðir og úrgang frá stóriðju.

Í uppfærslu viðaukans eru skilgreindir árangursvísar fyrir flokkinn matvæli og sett töluleg markmið um að draga úr matarsóun. Árangursvísarnir byggja á fyrirmælum Evrópusambandsins um samræmdar mælingar á matarsóun og eru tölulegu markmiðin sem sett eru samhljóða [tillögum starfshóps ráðherra að aðgerðum gegn matarsóun](#).

Uppfærslan nú hefur einnig að geyma uppfærðar tölulegar upplýsingar úr viðaukavið *Saman gegn sóun*. Má þar meðal annars sjá að það dró úr notkun burðarplastpoka um helming á milli áranna 2018 og 2019, en [ákvæði til að draga úr notkun einnota burðarpoka voru fest í lög í maí 2019](#) og [tóku gildi í nokkrum þrepum](#). Í sumum öðrum þáttum þarf að ná betri árangri.

[Saman gegn sóun – almenn stefna um úrgangsforvarnir](#)

[Saman gegn sóun 2. útgáfa viðauka mars 2021](#)